

Dagskrá Stjórnarfundar 2021 - 2022

Fundur #11

Staður: Teams og Klettur 3. hæð Borgartúni

Dagsetning: 07.04.2022

Tími: 12.00 – 13.30

Mættar:

12.00 – 12.10	1	Opnun – einn stuttur hringur.
12.10 – 12.20	2	Skýrsla framkvæmdastjóra (AR)
12.20 – 12.30	3	Sýnileikadagur FKA 2022 uppgjör (ETS, VJ)
12.30 – 12.35	4	Heimasíða, tæknimál, miðlar FKA staðan (KKH)
12.35 – 13.00	5	Aðalfundur FKA 2022(VJ/UEA)
13.00 – 13.10	6	Verkefni stjórnar/FKA síðustu misserin og á næstunni: a. Afmæli FKA um helgina. b. Markaðsdagur Suðurlandi.
13.10 – 13.30	7	Önnur mál

Fundur settur 12.02. Mættar voru Sigríður Hrund Pétursdóttir, Elísabet Tanja Smáradóttir, Edda Rún Ragnarsdóttir, Katrín Kristjana Hjartardóttir og Vigdís Jóhannsdóttir ásamt Andreu Róbertsdóttur framkvæmdastjóri. Vigdís ritar fundinn. Unnur Elva Arnardóttir var fjarverandi.

1. Stuttur hringur hjá stjórnarkonum.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu reikninga og stöðu hjá hverri deild – en starfið gengur almennt vel og mikið að gerast hjá deildum.
 - a. Staða banka góð.
 - b. Farið yfir stöðu hjá hverri deild, ágætisdagskrá fram undan hjá hverri deild.
3. Sýnileikadagur endurgjöf
 - a. Mikil ánægja var með viðburðinn og mikið umtal bæði innan félags sem utan, aukning var á nýjum félagskonum í félagið í aðdraganda viðburðar.
 - b. 300 konur voru á streyminu yfir daginn og um 200 konur í húsi sem er nýtt aðsóknarmet.
 - c. Viðburður var vel undir áætlun þrátt fyrir þetta og góða dagskrá
 - d. Skýrsla er í vinnslu fyrir næstu nefnd um það sem má bæta og hvað gekk vel.
 - e. Fjölmíðlar voru afar ánægðir með frumkvæði Sýnileikadags FKA og veittu góða umfjöllun.
 - f. Sýnileikanefnd stóð sig frábærlega og á mikið hrós skilið. Stjórn FKA færir Sýnileikanefnd bestu þakkir fyrir framúrskarandi framkvæmd á viðburði fyrir félagið.
4. Heimasíða, tæknimál, miðlar FKA staðan
 - a. Komið er tilboð í hýsingarmál félagsins en samþykkt á tilboðinu bíður nýrrar stjórnar.
 - b. Stjórn er samhuga í að félagið þurfi að móta Samfélagsmiðla- og samskiptaáætlun fyrir komandi starfsár og hvetur nýja stjórn til að taka ábendinguna upp sem fyrst eftir aðalfund. Virkja má og þarf nefndir og deildir betur.

5. Aðalfundur FKA 2022

- a. Kynning á aðalfundi er að hefjast og kallað verður eftir framboðum í stjórn og nefndir. Kynningaplan er klárt sem og tímalína fram að aðalfundi.
- b. Orkuveitan er samstarfsaðili á aðalfundi sem verður Raun 4.maí
- c. Fundur vegna kosningakerfis verður í vikunni.
- d. Grasrótarvinna er í gangi hjá hjá félagskonum vegna lagabreytinga. Tímafrestur til að leggja breytingar fyrir og kynna félagskonum er 15. apríl nk.

6. Verkefni stjórnar

- a. Ákveðið var að ganga á afmælisdegi FKA á Mosfell. ETS mun leiða gönguna og allar FKA konur boðnar velkomnar.
- b. Dagur atvinnulífsins á Suðurlandi er haldinn 26. Apríl nk. FKA verður með bás, framkvæmdastjóri mætir og þær stjórnarkonur sem komast.

7. Önnur mál.

- a. Komin er tímasetning á ferð alþjóðanefndar til Barcelona 16 – 19. September 2022. Ferðinni var frestað vegna Covid. Tilkynning verður fyrst verður sent á skráðar konur frá síðustu ferð og svo auglýst.
- b. Landsbyggðarráðstefnan verður haldin 23. September 2022.

Fundi slitið 13.05